

150. löggjafarþing 2019–2020.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

1. gr.

4. mgr. 2. gr. falli brott.

2. gr.

3.-6. mgr. 3. gr. falli brott.

3. gr.

15. gr. a. hljóði svo:

Leyfi til að afla sjávargróðurs.

Enginn má stunda öflun á sjávargróðri í atvinnuskyni frá skipi nema hafa fengið til þess sérstakt leyfi sem Fiskistofa veitir á skip (pramma). Leyfi þetta fellur niður hafi skip ekki verið notað við öflun sjávargróðurs í tólf mánuði og eins ef skip er fært af skrá sem Fiskistofa heldur um skip sem hafa leyfi samkvæmt þessari grein.

Öll sömu fyrirbætur og gilda um fiskiskip og fiskveiðar skv. III., V. og VI. kafla laga þessara og öðrum lögum á sviði sjávarútvegs, m.a. um færslu afladagbókar, löndun, vigtun og skráningu afla, eftirlit með veiðum og greiðslu veiðigjalds, gilda, eftir því sem við á, um skip sem hafa leyfi skv. 1. mgr. og öflun sjávargróðurs frá þeim.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um ræktun sjávargróðurs eða tínslu þörunga í fjöru sem ekki er frá skipi enda sé magn minna en 1 tonn á ári (blautvigt).

4. gr.

15. gr. b. hljóði svo:

Svæði til nýtingar.

Um þangslátt innan stórstraumsfjöruborðs sjávarjarðar fer samkvæmt samkomulagi við ábúanda eða landeiganda. Er nægilegt að meiri hluti eigenda veiti vilyrði sitt. Fiskistofa heldur skrá um sjávarjarðir þar sem þangsláttur er stundaður. Óheimilt er að slá þang fyrir landareign nema fyrir liggi nýtingaráætlun eiganda skips skv. 15. gr. a. um slátt fyrir landinu, til hið minnsta fjögurra ára. Skal nýtingaráætlun hafa að geyma lýsingu á því hvernig ætlan er að tryggja að sláttur á þangi verði sjálfbær. Nýtingaráætlanir skal senda Fiskistofu áður en sláttur hefst. Fiskistofu er heimilt, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, að ógilda nýtingaráætlun og er þá óheimilt að slá þang fyrir viðkomandi sjávarjörð fyrr en ný áætlun

hefur verið sett og staðfest af Fiskistofu. Allar upplýsingar um þangslátt fyrir hverri sjávarjörð, þar með talið afla og nýtingaráætlanir, skal birta opinberlega.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að skipta nýtingarsvæðum sjávargróðurs utan fjörusvæða í tiltekin afmörkuð svæði og takmarka öflun sjávargróðurs utan þeirra. Þá er heimilt að banna tímabundið öflun innan þessara svæða til að gefa tíma til endurvaxtar. Áður en ákvarðanir eru teknar samkvæmt þessari málsgrein skal að jafnaði leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar.

Í reglugerð má setja nánari skilyrði um öflun sjávargróðurs, hvað snertir búnað skipa, merkingar afla, öflunaraðferðir (sláttutæki) og viðmið í nýtingaráætlun um sýnatöku, vöktun, skil upplýsinga til stjórnvalda o.fl.

5. gr.

15. gr. c. falli brott.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða XVII.-XIX. falli brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp. Með því er horft til þess að bæta stjórn nýtingar á sjávargróðri hér við land. Þá er frumvarpið einnig liður í áherslum ríkisstjórnarinnar um einföldun regluverks.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Með lögum nr. 49/2017 um ýmsar breytingar á lögum á sviði sjávarútvegs vegna öflunar sjávargróðurs í atvinnuskyni var mælt fyrir um leyfisbindingu til nýtingar á þörungum, það er sjávarplöntum (þangi og þara). Aukinn áhugi var á þessum tíma tekinn að sýna sig á aukinni töku og vinnslu sjávarplantna við Ísland og var því þörf þessarar lagasetningar.

Í lögum um stjórn fiskveiða er annars vegar mælt fyrir um útgáfu almenns leyfis til sláttar á hvern einstakan sláttupramma/fiskiskip sem slátt stundar, sem svar til almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni. Er þetta aðallega til að auðvelda eftirlit með nýtingu, skráningu og vigtun, sem jafnframt var þróað á þessum tíma. Hins vegar er mælt fyrir um heimild til útgáfu leyfis til starfrækslu móttökustöðvar fyrir þang. Þá hefur verið sett reglugerð um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni, nr. 90/2018. Reglugerðin mælir fyrir um skráningu og vigtun sjávargróðurs auk þess að sett er regla um að við þangslátt skuli gæta að festu klóþangsins og ekki sé slegið nær rót en 25 sm mælt frá festu.

Árið 2017, þegar gildandi lög voru sett, var ákall um auknar rannsóknir á þörungum sem tengdist auknum áhuga á nýtingu þörunga, bæði þara og þangs, til margþættrar efnavinnslu. Þá virðist markaður eftir efni úr þörungum til notkunar í iðnaði, m.a. sem hleypiefni og íblöndunarefni í áburði. Að auki eru ýmsar þörungaafurðir ákjósanlegar til að bæta bragð, útlit og hollustu matvara og er aukin eftirspurn eftir þeim í líftækni og jafnvel til lækninga. Þessi

áform hafa ekki gengið eftir í þeim máli sem útlit var fyrir en þess má þó geta að áform hafa verið um að hefja líka starfsemi í Stykkishólmi og er nú á Reykhólum, þar sem starfandi er þurrkunar-verksmiðja. Einnig má nefna að nýverið gaf ráðuneytið út leyfi til rannsókna á þörungum (stórþara og hrossaþara) fyrir Norðurlandi.

Hafrannsóknastofnun stundar umfangsmiklar rannsóknir á sjávargróðri sem ná til vistfræðilegra tengsla sjávargróðurs við botndýralíf og vistkerfi fjörunnar. Þá hefur stofnunin kortlagt að nokkru leyti útbreiðslu þörunga við Ísland. Í janúar 2018 gaf stofnunin út ráðgjöf fyrir þangtekju í Breiðafirði sem byggði á ítarlegum rannsóknum (sjá tækniskýrslu á vef stofnunarinnar). Stofnunin mælist til þess, í samræmi við varúðarsjónarmið, að heildartekja klóþangs í Breiðafirði árin 2018–2022, verði ekki meiri en 40 þús. tonn á ári. Til samanburðar er þetta meira en tvöföld uppskera þess þangs sem kemur til þurrkunar á Reykhólum. Segja má að þetta sé sú nýtingaráætlun sem lög nr. 49/2017 gerðu ráð fyrir að gerð yrði fyrir Breiðafjörð og hafa stjórnvöld með þessu náð að fylgja eftir vilja Alþingis. Til upplýsingar er í fylgiskjali með frumvarpi þessu gefið yfirlit um helstu rannsóknir Hafrannsóknastofnunar á þangi og þangslætti í Breiðafirði, sem einnig hafa hér þýðingu. Auk þess fylgir frumvarpinu greinargerð dr. Karls Gunnarssonar sérfræðings hjá Hafrannsóknastofnun um þang og þara og nýtingu þeirra, sem áður var prentuð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 49/2017 (þskj. 379. 146. löggj.). Loks má geta þess að Hafrannsóknastofnun hefur átt nokkurt samstarf við Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi rannsóknir á fjörugróðri, en Náttúrufræðistofnun hefur m.a. sinnt kortlagningu fjöruvistgerða.

Í lögum nr. 49/2017 er mælt fyrir um skyldu til að hefja endurskoðun laganna eigi síðar en í október 2020 en auk þess er mælt fyrir um að ákvæði laganna falli í heild úr gildi 1. janúar 2023, sbr. ákvæði XIX. til bráðabirgða við lög um stjórn fiskveiða. Því er frumvarp þetta lagt fram.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til;

- að regluverk verði einfaldað.
- að afnumin verði heimild til að leyfisbinda móttökustöðvar fyrir þang.
- að tekin verði upp skylda til setningar nýtingaráætlana fyrir þangfjörur.
- að reinastjórn verði viðhaldið við öflun sjávargróðurs utan fjöru.

3.1. Einföldun regluverks.

Með frumvarpinu er lagt til að brott verði felld ákvæði sem snerta störf Hafrannsóknastofnunar að rannsóknum á sjávargróðri og um leið samstarf við aðrar stofnanir um þau efni. Er engin þörf slíkra sérstakra ákvæða um rannsóknir umfram almenn ákvæði laganna og fyrirmæli um skyldur Hafrannsóknastofnunar sem og annarra ráðgjafa- og vísindastofnanna, samkvæmt þeim lögum eða stofnskrám sem um þær gilda. Leiðir einnig af sjálfu sér að þar sem svo hagar til að rannsóknaráherslur kalla á samstarf við aðra aðila eða vísindastofnanir að viðræður eigi sér stað um þær án atbeina hins almenna löggjafa. Að auki er lagt til að felld verði brott önnur ákvæði sem ekki eiga lengur við og nú standa í ákvæðum til bráðabirgða við lögin.

Með þessu er á engan veg gert lítið úr þýðingu hafrannsókna og rannsókna á fjöruvistkerfum fyrir sjálfbæra nýtingu auðlinda. Stjórnsýslan er bundin af meginreglum umhverfisréttarins og má hér vísa til 8. gr. náttúruverndarlaga, þar sem segir að; ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna skulu eins og kostur er byggjast á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa og

jarðfræði landsins.“ Síðan segir: „Þá skal og tekið mið af því hver áhrif ákvörðunarinnar muni verða á þessa þætti. Krafan um þekkingu skal vera í samræmi við eðli ákvörðunar og væntanleg áhrif hennar á náttúruna.“

3.2. Afnáð heimildar til að leyfisbinda móttökustöðvar fyrir þang.

Í gildandi lögum er heimild til að leyfisbinda móttöku á þangi frá einstökum fjörðum eða svæðum. Þessi heimild hefur ekki verið hagnýtt. Á sínum tíma var horft til þess að hún yrði aðeins hagnýtt ef verulegar viðsjár yrðu um sókn í þangtöku sem væri umfram ráðlagða árlega töku. Með reglunni getur eigendum skipa eða sláttupramma og með því eigendum fjöru verið skylt að semja við takmarkaðan fjölda móttökustöðva um nýtingu þangs. Hefur þetta reist tiltekin álitaefni um hvort í þessu felist bjagandi áhrif á samkeppni þrátt fyrir fyrirmæli laganna um að leitast skuli við að eigi færri en tveir aðilar hafi heimild til móttöku frá viðkomandi firði eða svæði. Fyrir þessari gagnrýni er nokkur fótur þótt á móti standi sjónarmið um mikilvægi þess að vernda náttúruauðlind.

Nærtækt er að horfa til álits Samkeppnisstofnunar nr. 1/1995 sem varðaði veiðileyfi báts til skelfiskveiða í Breiðafirði sem bundið var skilyrði um að einvörðungu mætti vinna aflann hjá viðurkenndri skelfiskveiðistöð á Brjánslæk, þar sem aðeins einni slíkri stöð var til að dreifa. Mátti ástæðu þessa rekja til eldra stjórnarfyriðkomulags, sem miðaði að samræmingu veiðiheimilda og vinnslugetu, en þetta hafði ekki tekið breytingum við upptöku aflamarks við skelfiskveiði í firðinum árið 1991. Var það álit Samkeppnisstofnunar að þessi kvöð stangaðist á við markmið samkeppnislaga og gæti m.a. komið í veg fyrir að eðlileg verðsamkeppni myndaðist milli vinnslustöðva, þótt um leið yrði ekki litið hjá sérstöðu þessarar atvinnustarfsemi umfram aðra.

Vegna þeirra tillagna sem frumvarp þetta hefur að geyma er ekki lengur þörf þessarar heimildar.

3.3. Nýmæli um skyldu til setningar nýtingaráætlunar fyrir þangfjörur.

Með frumvarpinu er lagt til að Fiskistofa haldi skrá um sjávarjarðir þar sem þangsláttur er stundaður. Þá verði óheimilt að slá þang fyrir landareign nema fyrir liggi nýtingaráætlun eiganda skips skv. 15. gr. a. um slátt fyrir landinu, til hið minnsta fjögurra ára. Er eðlilegt að leggja þessa skyldu á þann sem nýtir fjöruna enda ber hann um leið ábyrgð á þeim framleiðslutækjum sem eru hagnýtt til sláttarins og getur brot gegn þessum fyrirmælum varðað sviptingu veiðileyfis.

Mælt er fyrir um að nýtingaráætlun skuli hafa að geyma lýsingu á því hvernig ætlan er að tryggja að sláttur á þangi verði sjálfbær. Nýtingaráætlanir skal senda Fiskistofu áður en sláttur hefst og er Fiskistofu heimilt, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, að ógilda nýtingaráætlun. . Ekki þykir þörf á því að láta nýtingaráætlanir þá fyrst öðlast gildi að þær hafi verið staðfestar af rannsóknaraðila nema áætlun hafi verið hafnað, en nægilegt er að Fiskistofa geti, telji hún ástæðu til, óskað umsagnar frá Hafrannsóknastofnun um slíka áætlun. Verði nýtingaráætlun hafnað er óheimilt að slá þang fyrir en ný áætlun hefur verið sett og hún staðfest af Fiskistofu.

Hefur hér þýðingu að löng reynsla er af þessari starfsemi og mikilli þekkingu til að dreifa um sláttuaðferðir, útbreiðslu þangs o.fl. að því ónefndu að gera verður ráð fyrir aðkomu landeiganda að gerð slíkrar áætlunar sem þessarar, sem hefur ríka hagsmuni af því að nýting sé ábyrg. Kemur loks til að gert er ráð fyrir því að leiðbeiningar um gerð nýtingaráætlana verði settar í viðauka við reglugerð sem heimilað verður að setja verði frumvarp þetta að lögum.

Með gerð nýtingaráætlunar fyrir þangslátt í hverju fjörusvæði er orðið til mun nákvæmara stjórnþæki en áður, þar sem stjórnunin er á ábyrgð þess sem hagnýtir undir eftirliti stjórnvalda. Verður sjálfbærni nýtingar heldur ekki tryggð fyrir þessa auðlind nema verði á slíkum grunni smærri eininga. Fyrir þessu fyrirkomulagi eru fyrirmyndir við austurströnd Kanada, sem litið var til við hliðsjónar við samningu þessarar tillögu (New Brunswick, Nova Scotia). Um reglubyrði vegna þessa er fjallað hér á eftir undir umfjöllun um mat á áhrifum frumvarpsins.

Allar upplýsingar um þangslátt fyrir hverri landareign, þar með talið afla og nýtingaráætlanir, skal birta opinberlega, en rétt er að árétta það sérstaklega í lögnum en það rímar vel við markmið laga um upplýsingarétt um umhverfismál.

3.4. Reinastjórnun við öflun sjávargróðurs utan fjöru.

Með lögum nr. 49/2017 var mælt fyrir um heimild til að skipta nýtingarsvæðum sjávargróðurs utan fjörusvæða í tiltekin afmörkuð svæði og takmarka öflun sjávargróðurs utan þeirra. Þá er heimilt að banna tímabundið öflun innan þessara svæða til að gefa tíma til endurvaxtar. Skyld er að leita álits Hafrannsóknastofnunar áður en til slíkrar ákvörðunar kemur. Ekki hefur komið til þess að heimild þessari sé beitt. Gert er ráð fyrir því að hún verði efnislega óbreytt í lögnum, en í framkvæmd geta stjórnvöld með þessu afmarkað þau svæði þar sem þaraskurður er heimilaður á ári hverju og tryggt að ekki sé gengið umfram ráðgjöf fyrir hlutaðeigandi svæði.

Vakin er athygli á því að skv. 3. mgr. 2. gr. laganna gilda fyrirmæli II. og IV. kafla ekki um sjávargróður, en í II. kafla laganna er fjallað m.a. um setningu aflahlutdeilda í veiðistofna. Mun því ekki koma til þess að úthlutað verði slíkum heimildum til þaraskurðar.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið gaf ekki tilefni til þessa. Þó má geta þess að við meðferð gildandi laga sama efnis nr. 49/2017 urðu nokkrar umræður um heimildir eigenda sjávarjarða til sjávarins, það er afmörkun netlaga, sem skýrist af áhuga frjálsra samtaka á málinu, einkum Félags eigenda sjávarjarða.

Netlög eru rein eða belti sjávarins sem nær 60 faðma eða 115 metra frá stórstraumsfjöruborði og eiga landeigendur tiltekin einkaréttindi innan þeirra sem snerta fiskveiðar, reka o.fl. Um rétt til þara er ekki fjallað í veiðitilskipun frá 1849, sem varðar heimildir til fiskveiða og veiða á sjávarspendýrum, en vísa má til hliðsjónar til 60.-61. kap. rekabálks Jónsbókar þar sem segir: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla ok þara, nema með lögum sé frá komit.“ Með þessu er gert ráð fyrir að þarareki teljist eign landeiganda (eða ítakshafa). (Jónsbók. Ólafur Halldórsson gaf út. Kpmh. 1904, bls. 194.)

Engin þörf er á því að vísa til netlaga í frumvarpi þessu. Þang er slegið í fjöru og er merkjum jarða oftast lýst til fjörunnar. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að til þangsláttar þurfi samþykki landeiganda, sem er til samræmis við langa venju. Má hér einnig til hliðsjónar vísa til 2. mgr. 27. gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013, þar sem kveðið er á um að tínsla fjörugróðurs sé háð leyfi landeiganda.

5. Samráð.

Frumvarpið var á samráðsvef stjórnvalda XXXX ...aths. viðbrögð. úrvinnsla. [...]

6. Mat á áhrifum.

Þar sem þangtaka (klóþang) vex aðeins í fjörum þar sem gætir flóðs og fjöru og er með því í framhaldi af eignarlöndum hefur því verið haldið fram að ekki sé þörf laga um skráningu og eftirlit með nýtingu. Megi helst líkja töku þangs við leigur á túnnum. Á það var ekki fallist árið 2017 en þó er mikilvægt að athuga þessa sérstöðu, sem er ólík því sem gildir um aðra nýtingu hlunninda sjávar.

Eðlilegast virðist að setja ótímabundin lög um þessa nýtingu til að tryggja fyrirsjáanleika í rekstri atvinnufyrirtækja sem stunda þessa nýtingu eða hyggjast á hana á næstu árum. Nú liggja auk þess fyrir betri áætlanir um lífmassa, samkvæmt samræmdri aðferðafræði, og hvernig megi tryggja sjálfbæra nýtingu sjávarplantna, samkvæmt rannsóknum sem einkum Hafrannsóknastofnun hefur stundað.

Skylda til setningar nýtingaráætlana fyrir fjörusvæði leggur auknar skyldur á þá sem stunda þangslátt. Í framkvæmd má þó ætla að hún sé ekki veruleg. Í Breiðafirði þar sem meiri en helmingur lífmassa þangs er við Ísland, að því talið er, hafa allar þangfjörur verið kortlagðar auk þess að safnað hefur verið upplýsingum um eignarhald á þeim. Má einnig geta þess, í tilviki Þörungaverksmiðjunnar, að hún þegar setur sér áætlanir um nýtingu fjörusvæða, í samráði við landeigendur, sem tryggja að ekki sé stundaður sláttur á svæði þegar færri en fern áramót eru liðin síðan svæðið var slegið síðast, svo sem löng reynsla er fyrir og skrifað er út í reglugerð um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni.

Með vísan til þessa er ávinningur af samþykkt frumvarpsins meiri en hugsanleg neikvæð eða íþyngjandi áhrif þess.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.-7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar umfram það sem segir í almennum athugasemdum.

Fylgiskjal I: Minnisblað Hafrannsóknastofnunar 23. júní 2020: Rannsóknaverkefni sem unnið hefur verið að á vegum Hafrannsóknastofnunar í tengslum við þang- og þaretekju í Breiðafirði; 2016 til 2020.

Útbreiðsla og magn klóþangs í Breiðafirði

Árið 2016 var farið á 40 stöðvar um allan Breiðafjörð og á hverri stöð var þang athugað á tveimur sniðum niður fjöruna frá efstu mörkum klóþangs niður að sjávarmáli um fjöru. Þéttleiki þangs og stærð plantna var mælt. Út frá þessum mælingum, loftmyndum, gervitunglamyndum og drónamyndum af afmörkuðum stöðum var heildarmagn klóþangs í Breiðafirði áætlað. Skýrsla um niðurstöður rannsókna hafa verið birt (Klóþang í Breiðafirði - Skýrsla). Unnið er áfram við að þróa aðferðir til að meta lífmassann með nákvæmari gervitunglamyndum og betra mati á áhrifum umhverfisþátta á lífmassa þangsins.

Endurvöxtur þangs eftir skurð

Árið 2016 hófust mælingar á endurvexti þangs eftir skurð í Breiðafirði. Fjórir staðir voru valdir þar sem þjár 50 og 100 m strandlengjur voru afmarkaðar. Á einni þeirra var þang skorið með þangsláttuprómmum og hinar tvær látnar óhreyfðar. Lífmassi þangs var mældur á öllum reitunum áður en það var slegið og síðan strax eftir að það var slegið. Síðan hefur verið farið árlega á þessa staði til að mæla breytingar á lífmassa þangsins. Gert er ráð fyrir að þessar mælingar standi yfir til 2022. Unnið er að samantekt þeirra gagna sem þegar hefur verið safnað í þessu verkefni.

Útbreiðsla og magn þara í Breiðafirði

Árin 2018 og 2019 voru gerðar bergmálmælingar á Breiðafirði til að kortleggja útbreiðslu og þéttleika þara. Siglt var eftir þéttum línunum um allan fjörð innan þess dýpis sem þari vex, þ.e. frá fjöruborði niður á um 20 m dýpi yst í firðinum en niður á 12 til 15 m dýpi innar. Myndatökur neðansjávar eru notaðar til að ákvarða tegundir þara á botni. Gert er ráð fyrir að gagnasöfnun ljúki í sumar og að skýrsla liggi fyrir í vetur.

Skammtímabreytingar á lífríki fjörunnar eftir þangslátt

Árið 2018 voru gerðar mælingar á áhrifum þangskurðar á lífríki fjörunnar, þ.e. áhrif á dýr í þanginu og lífríki botnsins. Fjórir reitir voru afmarkaðir og þang slegið með þangsláttuprómmum á tveimur reitanna en tveir voru ekki slegnir. Athuganir voru gerðar í fjörunni í 5 skipti á einu ári og bornar verða saman breytingar á lífríki fjörunnar á tímabilinu. Gagnasöfnun er lokið, úrvinnsla er í gangi og von er á skýrslu 2021.

Langtímabreytingar á lífríki fjörunnar eftir þangslátt

Á þeim svæðum sem endurvaxtarmælingarnar eru gerðar eru einnig gerðar athuganir á áhrifum þangsláttar á lífríki fjörunnar til lengri tíma, þ.e. langtímaáhrifum á dýr í þanginu og lífríki botnsins. Einu sinni á ári er sýnum safnað þar, til að meta hve lengi breytingar á lífríki fjörunnar vara. Gert er ráð fyrir að síðustu gögnum í þessu verkefni verði safnað í ár (2020). Enn er eftir að greina sýnin. Lögð verður áhersla ljúka vinnu við þau sýni árið 2021.

Áhrif þangsláttar á dýr sem koma í og nýta fjöruna á flóði

Árið 2019 voru fjórir reitir afmarkaðir í þangfjöru þar sem tveir voru slegnir með þangsláttupramma en tveir voru látnir óhreyfðir. Á tveimur stöðum í hverjum reit var veitt með fjölmöskva netum og krabbagildrum af mismunandi gerð til að veiða þau krabbadýr og fiska sem fara upp í fjöruna á flóði í leit að skjóli og fæðu, en hverfa svo aftur úr fjörunni þegar fjarar út. Þessar athuganir voru gerðar í 5 skipti yfir eitt ár. Auk þess var sérstaklega hugað að þéttleika krabba víðar í firðinum, í fjörunum sem mislangt er síðan slegnar voru. Gagnasöfnun að mestu lokið og gagnagreining hafin. Áætlað er að ljúka skýrslu um verkefnið 2021.

Árstíðabreytingar í vexti klóþangs

Klóþangsplöntur voru einstaklingsmerktar í þremur hæðarbilum í fjöru, annars vegar við Stykkishólm og til samanburðar við Reykjavík. Mánaðarlega eru plönturnar myndaðar og vöxtur þeirra mældur út frá myndunum. Mældur er lengdar- og þykknunurvöxtur klóþangsplantna. Gagnasöfnum lýkur í byrjun sumars 2021. Mat á nýtingarhlutfalli og endurvexti með samanburði á svæðum sem mislangt er síðan voru slegin Sambærilegar þangfjörur verða valdar út frá skráðum upplýsingum frá þangsláttumönnum og samtölum við þá. Gerðar verða þéttleikamælingar á þangi og mat á þekju mismunandi þangtegunda. Verkefnið hefst 2021.

Fylgiskjal II. Greinargerð Karls Gunnarssonar hjá Hafrannsóknastofnun um þang og þara og nýtingu þeirra.

https://www.althingi.is/altext/pdf/145/fylgiskjol/s1107-f_I.pdf

Fylgiskjal III. Reglugerð um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni.

1. gr.

Gildissvið og leyfisbinding.

Um alla öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögunnar fer samkvæmt reglugerð þessari. Enginn má stunda öflun á sjávargróðri í atvinnuskyni frá skipi þ.m.t. sláttupramma (pramma) nema hafa fengið til þess almennt leyfi sem Fiskistofa veitir á skip.

Um aðgang að netlögum sjávarjarða til sláttar á þangi fer samkvæmt samkomulagi við ábúanda eða landeiganda hverju sinni. Skyld er að veita Fiskistofu aðgang að slíku samkomulagi eða samn-ingi, verði eftir því leitað, í þágu aflaskráningar.

2. gr.

Þangsláttur.

Gæta skal þess að festa plantna skaðist ekki við þangslátt og skulu skip, þ.m.t. sláttuprammar (prammar), sem stunda slátt á klóþangi vera þeirrar gerðar að komið sé í veg fyrir að festa rifni frá botni. Hlutfall plantna sem festan fylgir skal ekki vera herra en áætlað 8%. Stilkur plöntunnar, sem eftir stendur skal að jafnaði ekki vera lægri en 25 sm mælt frá festunni.

Óheimilt er að stunda slátt á svæði þegar færri en fern áramót eru liðin síðan svæðið var slegið síðast. Fiskistofa getur veitt undanþágu frá þessu.

3. gr.

Þaratekja.

Ráðherra skal, eftir því sem ástæða er til, hafa viðvarandi könnun á því hvort ástæða sé til að skipta nýtingarsvæðum sjávargróðurs utan netlaga sjávarjarða í afmörkuð svæði eða reinar til að takmarka og vakta nýtinguna, sbr. 15. gr. b. í lögum um stjórn fiskveiða.

4. gr.

Eftirlit, skráningar o.fl.

Um færslu afladagbókar fer samkvæmt reglugerð um afladagbækur. Við vigtun og skráningu á sjávargróðri gilda ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með slætti og nýtingu hafa veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og er leyfishöfum skyldt að gera þessum aðilum kleift að framkvæma athuganir á búnaði og aðstöðu.

5. gr.

Viðurlög o.fl.

Brot á reglugerð þessari varða sviptingu veiðileyfis skv. 15. og 19. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar.

Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi skv. 1. gr. sé talin ástæða til að takmarka öflun sjávargróðurs eða endurskipuleggja stjórnun hennar.

Brot gegn reglugerðinni geta varðað refsingu samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.